

# Hverfisráð Hríseyjar

## 121. fundur - fundargerð

Fimmtudaginn, 15. nóvember 2018, kl 16:00 var haldinn 121. fundur - aðalfundur hverfisráðs í Hlein.

Mættir voru: Þorgeir Jónsson, Kristinn Frímann Árnason, Claudia Werdecker, 26 fundargestir en auk íbúa (sem eiga seturétt á aðalfundi hverfisráðs) sátu fundinn bæjarfulltrúarnir Guðmundur Baldvin Guðmundsson, Gunnar Gíslason, Halla Björk Reynisdóttir, Sóley Björk Stefánsdóttir og svíðsstjórarnir Guðríður Friðriksdóttir frá umhverfis- og mannvirkjasviði, Jón Hrói Pétursson frá búsetusviði, Karl Frímannsson frá fræðslusviði og Pétur Ingi Haraldsson frá skipulagssviði og Kristín Sóley Sigursveinsdóttir forstöðumaður upplýsinga og þjónustudeildar.

Þorgeir Jónsson formaður hverfisráðs setti fund. Forstöðumaður upplýsinga- og þjónustudeildar Akureyrarbæjar var kosinn fundarstjóri og Claudia Werdecker fundarritari.

### Dagskrá:

#### 1. Ávarp bæjarstjóra

Bæjarstjóri tilkynnir um forföll, því fellur þessi liður niður.

#### 2. Skýrsla stjórnar

Claudia Werdecker ritari las skýrslu hverfisráðs og fer yfir það sem hverfisráð Hríseyjar gerði á síðasta starfstímabili.

#### 3. Kosning í hverfisráð

Þorgeir Jónsson gaf ekki kost á sér áfram. Claudia Werdecker, Friðrik Ingimarsson, Hermann Jón Erlingsson, Kristinn Frímann Árnason og Ólafur Búi Ólafsson gáfu kost á sér í hverfisráð.

Í nýja stjórn hverfisráðs voru kosin í leynilegri kosningu:

Claudia Werdecker  
Ólafur Búi Ólafsson  
Hermann Jón Erlingsson

Kosnir voru sem varamenn:

Kristinn Frímann Árnason  
Friðrik Ingimarsson

#### 4. Önnur mál

- Íþróttahúsið: Bent var á að það vantar ennþá búnað í íþróttahúsið, bæði tækjabúnað í salinn og búnað í eldhúsið. Eftir 114. fund hverfisráðs var sendur listi yfir búnaðinn sem vantar á forstöðumann íþróttamiðstöðvar. Beðið var um að listinn yrði sendur aftur. Listinn

- verður sendur á forstöðumann upplýsinga- og þjónustudeildar eftir aðalfundinn.
- b. Framkvæmdafé: Lagt var til að hverfisráði verði úthlutað framkvæmdafé, eins og hefur verið á undanförnum árum.
  - c. Hraðahindranir: Ítrekað var að það vantar hraðahindranir í Hrísey, einkum á Norðurvegi við búðina og á Hólabraut, vegna aksturslags sumra íbúa.
  - d. Ljósastaurar: Enn vantar ljósastaura, og ferlið hefur tekið of langan tíma.
  - e. Grisjun á trjám: Bent var á að það þyrfti að grisja trén í eyjunni og taka það sem dautt og brotið er, því það skemmir út frá sér.
  - f. Vegurinn utan við þorpið: Vegurinn er ónýtur og brýn þörf er á að laga hann.
  - g. Austurvegur: Austurvegur ræddur og hvort það þurfi að breikka veginn. Borin var fram tillaga til frekari notkunar á tækjum sem verða flutt í eyjuna vegna vinnu við Austurveg. Vegna mikils kostnaðar sem verður til við flutning tækja til Hríseyjar, mætti samnýta tækin og fara líka í aðrar framkvæmdir. Hægt væri að nota tækin í að bæta hafnarsvæðið, hafnargarðinn og bryggjuna.
  - h. Sláttur á túnum: Vegna hættu á sinubruna þarf að slá og hirða túnin reglulega. Einnig þarf markvisst að vinna að eyðingu lúpínu og kerfils. Ræddur er sá möguleiki að fá sláttuvélmanni í eyjuna til að einfalda sláttinn.
  - i. Samskipti við Akureyrarbæ: Núverandi sem og fyrrverandi nefndarmenn gagnrýna samskipti við Akureyrarbæ, en bent er á að samskiptin séu hæg og erfitt sé að fá svör. Forstöðumaður upplýsinga- og þjónustudeildar ætlar að vinna að skilvirkari samskiptum við hverfisráðið.
  - j. Byggðakvóti: Verklag útgerðarinnar í eyjunni rædd. Óánægja er meðal íbúa, og margir telja að útgerðin sé ekki tilbúin til að bera samfélagslega ábyrgð. Íbúi nefnir á að erfitt sé fyrir trillusjómenn að fá úthlutaðan byggðakvóta.
  - k. Hlein: Bent var á að það þyrfti að koma Hlein í rekstur og nota húsnæðið fyrir aldraða. Þannig væri hægt að hafa fjölbreyttara atvinnulíf í eyjunni og búa til störf. Rekstur öldrunarheimila er þó verktakavinna fyrir ríkið, því er bærinn ekki sjálfræður hvað varðar þær ákvarðanir. Einnig var bent á að dýrt sé að reka litla einingu eins og væri í Hlein.
  - l. Ljósleiðari: Ennþá er ekki ljósleiðari í Hrísey. Íbúi Hríseyjar er í samskiptum við fyrirtæki sem sér um fjarskiptarekstur á Eyjafjarðarsvæðinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 18:00.

Claudia Werdecker  
Hermann Jón Erlingsson  
Ólafur Búi Ólafsson

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker

bls. 2	Fundargerð Hverfisráðs Hríseyjar	dags. 13.11.18
--------	----------------------------------	----------------